

# 45. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



---

HÓTEL BORGARNES  
28. MARS 2014



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## EFNISYFIRLIT

---

Dagskrá aðalfundar 2014 .....	3
Fulltrúar og gestir á aðalfundi SSV 2014.....	4
Fundarsetning.....	5
Skýrslur .....	6
Skýrsla stjórnar .....	6
Skýrsla framkvæmdastjóra .....	9
Ávörp gesta .....	10
Starfsendurhæfing á Vesturlandi - VIRK.....	10
Íbúakönnun.....	12
Lagabreytingar .....	14



## Föstudagurinn 28. mars 2014

- 14:00 Fundarsetning. Gunnar Sigurðsson, formaður SSV**  
Tilnefning fundarstjóra og kjörbréfanefndar
- 14:10 Skýrsla stjórnar, Gunnar Sigurðsson, formaður.**
- 14:20 Ársreikningur SSV**  
*Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri*  
*Umræður og fyrirspurnir*
- 14:40 Ávörp gesta**
- 14:50 Starfsendurhæfing á Vesturlandi - VIRK**  
*Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK.*  
*Umræður og fyrirspurnir*
- 15:10 Íbúakönnun**  
Vífill Karlsson, hagfræðingur  
*Umræður og fyrirspurnir.*
- 15:25 Kaffihlé**
- 15:40 Lagabreytingar**  
*Framhald skipulagsbreytinga.*  
*Umræður og fyrirspurnir.*
- 15:55 Aðalfundi frestað til haustþings 19. september 2014**  
Gunnar Sigurðsson, formaður SSV
- 16:00 Fundarlök**



---

## FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2014

---

### AKRANES

---

Guðmundur Páll Jónsson, formaður  
bæjarráðs  
Gunnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi og form.  
SSV  
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri  
Sveinn Kristinsson, bæjarfulltrúi  
Þröstur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi  
Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi og  
stjórnarmaður SSV

### BORGARBYGGÐ

---

Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður  
byggðaráðs og stjórnarmaður SSV  
Geirlaug Jóhannsdóttir, fulltrúi  
sveitarstjórnar  
Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri  
Ragnar Frank Kristjánsson, forseti  
sveitarstjórnar  
Sigríður Bjarnadóttir, fulltrúi  
sveitarstjórnar og stjórnarmaður SSV

### DALABYGGÐ

---

Halla Steinólfssdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar  
og áheyrnarfulltrúi í stjórn SSV  
Eyþór J. Gíslason, fulltrúi sveitarstjórnar  
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

### EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

---

Guðbjartur Gunnarsson, oddviti

### GRUNDARFJARÐARBÆR

---

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri  
Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi  
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, bæjarfulltrúi og  
stjórnarmaður í SSV  
Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi

### HELGAFELLSSVEIT

---

### HVALFJARÐARSVEIT

---

Ása Helgadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar  
Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

### SKORRADALSHREPPUR

---

Davíð Pétursson, oddviti

### SNÆFELLSBÆR

---

Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi  
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

### STYKKISHÓLMSBÆR

---

Berglind Axelsdóttir, bæjarfulltrúi  
Grétar D. Pálsson, bæjarfulltrúi  
Gyða Steinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Helga Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi  
Lárus Ástmar Hannesson, Bæjarstjóri

### AÐRIR GESTIR

---

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK  
Signý Jóhannesdóttir, formaður og  
framkvæmdastjóri Stéttarfélags Vesturlands  
Rósa Björk Halldórsdóttir,  
framkvæmdastjóri Markaðsstofu  
Vesturlands  
Inga Dóra Halldórsdóttir,  
Framkvæmdastjóri  
Símenntunarmiðstöðvarinnar

### STARFSMENN SSV

---

Anna Steinsen  
Einar Þ. Eyjólfsson  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir  
Margrét Björk Björnsdóttir  
Ólafur Sveinsson  
Vífill Karlsson



## FUNDARSETNING

---

Gunnar Sigurðsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann stakk uppá Laufey Jóhannsdóttur og Sigríði Bjarnadóttur sem fundarstjórum og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

<b>Fundarstjórar:</b>	Laufey Jóhannsdóttir Sigríður Bjarnadóttir
<b>Fundarritarar:</b>	Einar Þ. Eyjólfsson
<b>Kjörbréfanefnd:</b>	Björn Steinar Pálmason Páll Brynjarsson



---

## SKÝRSLUR

---

**Eftirfarandi skýrslur voru fluttar:**

**Skýrsla stjórnar og starfssemi SSV 2013-14**

*Gunnar Sigurðsson, formaður SSV*

**Ársreikningur 2013**

*Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV*

---

### SKÝRSLA STJÓRNAR

---

***Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.***

Í fyrsta sinn höldum við aðalfund í mars. Er þetta gert í samræmi við breytingar sem aðalfundur samþykkti á framhaldsaðalfundi SSV í nóvember sl. Var þá samþykkt að aðalfund skuli halda fyrir apríllok ár hvert og að hausti haldið málþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vesturlandi í septembermánuði ár hvert. Við höfum það hlutverk hér í dag að ljúka praktískum málum, en með þessu fyrirkomulagi er búið að kalla á nýtt skipulag, sem hefur verið í innleiðingu frá því á síðasta ári. Fulltrúar sveitarfélaganna mæta ekki bara á aðalfund SSV hér í dag, heldur einnig fleiri aðalfundi fyrirtækja og stofnana sem tengjast málefnum sveitarfélaganna á Vesturlandsvísu.

Rétt er að geta þess í upphafi að við verðum að ljúka fundinum í dag með því að flytja tillögu um frestun aðalfundar til haustþings þar sem í vor verður kosið til nýrra sveitarstjórna. Ekki verður kosið í stjórn SSV og nefndir á vegum sveitarfélaganna fyrir en að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Frá aðalfundi sem haldinn var í september sl. hafa verið haldnir sex stjórnarfundir, auk framhaldsaðalfundar sem haldinn var þann 22. nóvember sl. Ég mun fara í stuttu máli yfir helstu verkefni sem eru á borði stjórnar SSV þar sem nú er stutt liðið frá framhaldsaðalfundi okkar en þar afgreiddum við mikilvæg mál eins og bæjarstjórnarskýrsluna um framtíðarskipulag SSV og skiptingu fjármagns til félagsþjónustusvæðanna á Vesturlandi en starfshópur, sem vann undir stjórn Ingibjargar Valdimarsdóttur skilaði þá af sér.

**Staða verkefna við ríkið.**

Undanfarið hefur verið rætt um stöðu verkefna við ríkið. Um síðustu áramót runnu út samningar um vaxtar- og menningarsamninga og hafa þeir ekki ennþá verið endurnýjaðir. Sóknaráætlun fyrir landshlutann var unninn fyrir árið 2013 og ekki er enn vitað hvort eða hvernig framhald verður á því verkefni. Það er ótækt að búa við þessa óvissu sem búin er að ríkja í þessum efnun. Menningarsamningurinn auglýsti styrki til umsóknar í nóvember sl. og enn hefur ekki verið hægt að útdeila fjármunum til verkefna þar sem samningar liggja ekki fyrir við ríkið. Sú upphæð sem verður til úthlutunar ræðst af fjárframlögum til samningsins. Það ber þó að upplýsa það hér að sl. þriðjudag, 25. mars, bárust drög að menningarsamningi til SSV og er þar ekki gert ráð fyrir því að Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sé aðili að samningnum. Þeirra hlutur var 5,7 millj. kr. í síðasta samningi. Við erum því að öllum líkindum að tala um 7,7 millj. kr. lækkun á fjármagni til Menningarsamnings Vesturlands á milli árána 2013 og 2014. 10% samdráttur var fyrirséður sem hefði hljóðað upp á 2,7 m.kr. Starfshópur um menningarmál,



ásamt menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra, hefur farið yfir umsóknirnar og unnið ákveðna undirbúningsvinnu að úthlutun með þeim fyrirvörum sem verið hafa í stöðunni.

### **Skipting fjármagns til menningarsamninga til landshlutanna**

Hvað varðar menningarsamningana þá er ekki hægt að sleppa umræðu um skiptingu fjármagns til þeirra en stjórn SSV hefur sent menntamálaráðherra ályktun og lýst yfir óánægju með vinnubrögð ráðuneytisins. Þannig var að í desember sl. var fundur í ráðuneytinu þar sem kynnt var hugmynd að nýrri reiknireglu sem styðjast skyldi við þegar unnið er að því að skipta fjármagni milli landshluta. Kallað hafði verið ítrekað eftir slíkri reiknireglu og óskað eftir að gagnsæi yrði skýrt við úthlutun fjármunanna. Flest landshlutasamtök lýstu yfir ánægju sinni með þau drög sem kynnt voru og kom það okkur í opna skjöldu þegar tölvupóstur barst frá ráðuneyti menningarmála með þeim skilaboðum að styðjast ætti við eldri úthlutunarreglu. Varð þessi niðurstaða til þess að óskað var eftir fundi með þingmönnum NV-kjördæmis. Kem að þeim fundi síðar.

### **Heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit**

Á því kjörtímabili sem nú er að líða undir lok er búið að skrifa nokkrum ráðherrum erindi sem varðar að fá umsjón með tilteknum verkefnum á sviði eftirlits með fyrirtækjum á Vesturlandi. Um er að ræða verkefni sem nú eru í höndum Matvælastofnunar (MAST) en heimild er fyrir í lögum að séu framseld til heilbrigðisnefnda. Bent hefur verið á að auðveldlega megi flytja verkefni til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sbr. eftirlit með matvælafyrirtækjum sem starfa í frumframleiðslugreinum o.fl.

Flutningur verkefna af þessu tagi myndi fjölga atvinnutækifærum og er í anda yfirlýstrar stefnu núverandi stjórnvalda um að efla landsbyggðina. Enginn ráðherra hefur séð ástæðu til að svara erindi stjórnar.

### **Fundur með þingmönnum NV-kjördæmis**

Þriðjudaginn 18. mars sl. fóru fulltrúar SSV og framkvæmdastjóri á fund þingmanna kjördæmisins. Þar voru rædd þau málefni sem ég hef gert grein fyrir. Þingmenn tóku erindi okkar heimamanna vel og lofuðu að leggjast á árarnar í þeim verkefnum sem ég hef reifað hérna í stuttu máli.

### **Almenningssamgöngur**

Verkefni almenningssamganga gekk vel á síðasta ári, farþegar í „kerfinu“ sem við reukum með Vestfirðinum, Norðurlandi Vestra og Eyþingi voru rúmlega 140 þús á síðast ári. Rekstrarafgangur ársins var jákvæður um tæplega 3 m.kr. Enn er ófrágengið hvernig tapi ársins haustsins 2012 verður lokað, en ágreiningur er milli Eyþings annars vegar og annarra samstarfaðila í verkefninu hins vegar um það uppgjör. Áfram verður leitað lausnar á þessu máli, en almennt er mikil ánægja með þessa breytingu og aukning í farþegafjölda er merki um að kerfið er að virka og þetta fyrirkomulag er að gefa góða raun

### **Málefni fatlaðra**

Á framhaldsaðalfundi okkar samþykkti fundurinn reiknireglu um skiptingu fjármagns til félagsþjónustusvæðanna og er unnið samkvæmt henni í fyrsta skiptið í ár. Það er styðst frá því að segja að rekstur málaflokksins gengur almennt vel á Vesturlandi en það vantar meira



fjármagn til málaflokksins. Til upprifjunar þá skilaði starfshópur af sér sinni vinnu á framhaldsaðalfundi í nóvember en hann hafði m.a. það hlutverk að rýna í rekstur og finna skilvirka leið til að skipta fjármagni milli félagsþjónustusvæðanna. Formaður hópsins, Ingibjörg Valdimarsdóttir, lýsti þeim fjárhagsvanda sem blasir við sveitarfélögum í rekstri málaflokksins. Framkvæmdastjóra var falið að sækja um til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, viðbótarfjárveitingu vegna ársins 2014. Engin svör hafa borist vegna erindisins sem var sent í desember sl. Fyrir stuttu var erindið ítrekað og fengust þau svör að erindinu yrði svarað á næstu vikum.

Staðreyndin er sú að fjárveitingar til Vesturlands lækka um 15 millj. kr. á milli árunna 2013 og 2014. Hér er verið að byggja upp nauðsynlega þjónustu við ungt fatlað fólk sem þarfnast dagþjónustu og búsetuþjónustu og einnig hefur verið gerður einn NPA samningur hér á Vesturlandi. Útgiöld hafa því aukist á síðustu tveimur árum vegna nauðsynlegra verkefna en framlögin lækka eigi að síður. Við bíðum því svara við erindinu sem sent var til Jöfnunarsjóðs en þar var óskað eftir 25 millj. kr. aukafjárveitingu.

Eins og áður hefur komið fram réðst starfshópur SSV í umfangsmikinn niðurskurð á árinu 2013 og 2014 og er ekki séð að verði hægt að ganga lengra í þeim efnum. Skammtí mavistun fyrir börn, sem hefur verið rekin í Holti í Borgarfirði og Gufuskálum á Snæfellsnesi hefur verið lögð af. Eðlilega hefur því verið mótmælt af foreldrum fatlaðra barna og unglinga. Hafa ber í huga að þetta er viðvarandi verkefni og verður ekki leyst í eitt skipti.

### **Breytingar á skipulagi SSV – Niðurstöður vinnuhóps**

Starfshópur um framtíðarskipulag SSV skilaði af sér greinargerð um stjórnskipulag SSV og settir það í hendur stjórnar að vinna áfram með tillögur er varða skipan stjórnar, skipulag á skrifstofu, yfirtöku á verkefnum og gerðar tillögur að breytingum á skipulag hlutafélaga og sameiningarfélaga sem SSV á aðild að.

Þess má geta að eitt fyrsta verk var að taka yfir starfsemi Markaðsstofu Vesturlands en hlutar All Senses klasans og Ferðamálasamtaka Vesturlands voru teknir yfir í fullu samráði við hluthafa. SSV er því 100% eigandi hlutafélagsins Vesturlandsstofa ehf. og hefur stjórnun öll verið færð inn á skrifstofu SSV. Það eru þau Ólafur og Hrefna sem stjórna því verkefni. Ólafur sér meira um það sem snýr að daglegri stjórnun og Hrefna um fjármálin. Stjórn SSV tók ákvörðun um 3ja millj. kr. aukafjárveitingu til Vesturlandsstofu á stjórnarfundum í febrúar sl. Það var viðbót við þær þrjár milljónir sem aðalfundur samþykkti í fjárhagsáætlun á framhaldsaðalfundi í nóvember sl. Borgarbyggð hækkaði framlag sitt til reksturs upplýsingamiðstöðvarinnar en framlag þeirra er nú 2,7 millj. kr. Eins og fram kom á aðalfundi félagsins fyrr í dag er staða þess ekki góð.

Menningarsamningur Vesturlands heyrir nú beint undir stjórn SSV og mun vonandi styttest í að starfshópur sem tengist menningu skila af sér tillögum að úthlutun til stjórnar en samkvæmt nýju starfsumhverfi er það stjórn SSV sem mun sjá um lokaafgreiðslu styrkjanna.

Hvað varðar breytingar á stjórn SSV þá var ákveðið á framhaldsaðalfundi að senda greinargerð starfshópsins út til umsagnar hjá sveitarfélögunum. Öll sveitarfélög á Vesturlandi sendu inn umsögn um skýrsluna. Hvað varðar aðkomu að stjórn SSV þá voru 9 sveitarfélög sem vildu fara þá leið að öll 10 sveitarfélögin hefðu aðgengi að stjórn SSV. Það liggur því fyrir í lagabreytingum að gerð er tillaga um að sveitarfélag með yfir 3000 íbúa eigi 2 fulltrúa í stjórn, sveitarfélag með 300 – 3000 íbúa eigi 1 fulltrúa í stjórn og sveitarfélag með undir 300 íbúa eigi einn áheyrnarfulltrúa. Samkvæmt fjölda sveitarfélaga í dag og íbúafjölda þeirra þýðir þetta að





stjórnarmenn muni verða 9 frá og með framhaldsaðalfundi í haust og áheyrnarfulltrúar verði þrír. Þetta þýðir það einnig að það fastagjald sem greitt er til SSV verður það sama fyrir öll sveitarfélögin.

Stjórn SSV mun á næstunni fara yfir starfsmannamál í samræmi við tillögur starfshóps.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 var samþykkt í nóvember sl. Samkvæmt nýjum samþykktum á að leggja fjárhagsáætlun fram á aðalfundi fyrir lok apríl ár hvert. Við nánari skoðun hefur okkur fundist það ótímabært að afgreiða fjárhagsáætlun svo snemma. Við munum því, undir liðnum lagabreytingar, leggja það til að fjárhagsáætlun verði afgreidd á haustþingi.

Að lokum við ég þakka samstjórnarfólk og starfsfólki SSV fyrir mikla og góða vinnu og síðast en ekki síst, ánægjulegt samstarf.

Gunnar Sigurðsson, formaður SSV.

## **Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir sitt erindi það Hrefnu B. Jónsdóttur um að kynna skýrslu framkvæmdastjóra.**

### SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

#### *Ársreikningur 2013*

---

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV las og skýrði endurskoðaðan reikning ársins 2013. Endurskoðaður ársreikningur 2013 er í sér skjali.

#### **Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir framsögu um ársreikning.**

#### **Fundastjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikning.**

Bent var á að rekstrarreikningur væri að taka miklum breytingum á milli ára í kjölfar þess að Sveitarfélögin væru að taka til sín aukin verkefni. Bent var á í sjóðstreymisyfirlitinu að veltufé frá rekstri næmi 8,3 mkr. og handbært fé frá rekstri næmi 35,5 mkr. og þá hefði orðið aukning á skammtímaskuldum um 30 mkr. milli ára. Spurt var um hver yrðu áhrif skammtímaskulda á reksturinn á næstu mánuðum?.

Hrefna svarði því til að helsta ástæðan fyrir hækkun á skammtímakröfum væri vegna samninga í tengslum við sóknaráætlun sem væri búíð að gjaldfæra þar til að endanleg skýrsla er send til SSV og þá eru greiddur út lokastyrkur. Varðandi almenningssamgöngurnar kom Hrefna inná að væri búíð að stofna hlutafélag þannig að það sé ekki verið að stækka ársreikning eins mikið og raun er en verið væri að vinna að lausn í þeim málum sem allir gætu sætt sig við.

Hrefna bætti við að fyrirframinnheimtar tekjur væru til komnar vegna verkefna sem eru unnin á árinu 2014 en greiðslur hefðu komið inn á reikning SSV árið 2013.

Hrefnu og Gunnari voru veittar þakkir fyrir yfirferð á skýrslu stjórnar og ársreikningi. Bent var að starfsárið hefði verið stormasamt á köflum og miklar breytingar hefðu gengið yfir. Ánægjulegt væri miðað við þær aðstæður hvað reksturinn væri í miklu jafnvægi.



Fyrirspurn barst um hvernig staðan væri á fjarskiptaverkefni sem búið væri að leggja fjármagn til þess að efla fjarskiptamál á Vesturlandi.

Ólafur Sveinsson gerði grein fyrir því að árið 2011 fengust 35 mkr. til verkefnisins í tengslum við sóknaráætlun. Þar sem tímafrekt var að koma verkefninu af stað var tilkynnt að fyrstu 5 millj. væru „brunnar inni“ hjá ríkinu. Undirbúningsvinna var sett af stað til þess að greina ástandið á fjarskiptamálum á Vesturlandi. Málin voru unnin með Fjarskiptastofnun í framhaldi af þessari greiningu og verkefninu var fengið frestað hjá Innanríkisráðuneytinu sem sá um að úthluta þessum peningum. Í nóvember á síðasta ári var hafin vinna við að kanna möguleika á að bæta tengingar á sunnanverðu Snæfellsnesi. Var fenginn ráðgjafi til þess að kanna alla möguleika í þeim efnunum og fram fór útboð í sem var opnað í byrjun mars þar sem að niðurstaðan var mun hærri en SSV hafði gert sér væntingar um. Sá kostnaður sem nú hefur fallið til er að stærstum hluta kostnaður við ráðgjafa og síðan vegna vinnu SSV. Þess má geta að það standa yfir umræðum við annan bjóðandann hvort að það sé hægt að vera með öðruvísi og ódýrari útfærslu en upphaflega var lagt upp með. Það eru komnar 10 mkr. af þessum 30 mkr. sem eftir standa en restin mun koma til SSV á árinu 2014 og 2015, 10 millj. kr. hvort ár. Fleiri möguleikar í tengslum við þetta verkefni hafa falið í sér ráðgjafakostnað í tengslum við ljósnetstengingar í Borgarfirði. Einnig er ætlunin að skoða og meta fjarskiptamál í Dölum þar sem ástandið er næstverst á svæðinu.

Að lokum var spurt út í aukningu á fjargjaldtekjum vegna almenningsamgangna á milli ára.

Hrefna svaraði því til að í ársreikningi 2013 voru almenningsamgöngur í rekstri allt starfaárið en árið 2012 var tímabilið frá 1. september þess árs.

**Ekki komu fleiri fyrirspurnir og bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.**

#### **Skýrsla stjórnar – Samþykkt samhljóða**

#### **Ársreikningur 2013 – Samþykkt samhljóða**

**Fundastjóri þakkaði Hrefnu fyrir og bað kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.**

**Páll Brynjarsson** gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá öllum sveitarfélögum nema Helgafellssveit og eða alls níu sveitarfélögum af tíu. Engar athugasemdir voru gerðar.

**Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir og bauð jafnframt Vigdísí Jónsdóttur, framkvæmdastjóra VIRK velkomna til fundarins.**

#### **ÁVÖRP GESTA**

Engir gestir óskuðu eftir að fá að taka til máls.

## **STARFSENDURHÆFING Á VESTURLANDI - VIRK**

**Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK.**

**Sjá sérstakt skjal með glærum.**

**Fundarstjóri þakkaði Vigdísí Jónsdóttur fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**



---

### *Fyrirspurnir og umræður*

Bent var á að allar þær stöðvar sem nú væru starfræktar á landsbyggðinni væru sjálfseignarstofnannir. Spurt var hvort það form væri grundvallaratriði til þess til þess að umrætt framlag komi inn í reksturinn.

Vigdís sagði svo ekki vera en það væri engu að síður erfitt að gera sambærilega samninga við einkafyrirtæki sem rekið væri í ágóðaskyni.

Lýst var yfir ánægju með starfsemi VIRK og tekin voru dæmi um fólk sem hefði nýtt sér þjónustu samtakana og notið góðs af. Bent var á að fólk sem væri að nýta sér þau úrræði sem VIRK býður uppá myndi finna fyrir utanumhaldi og það væri hlúð að þeim. Var VIRK hvatt til þess að halda áfram á sömu braut og það sem þau væru að gera væri að virka fyrir fólk.

Spurt var um mikilvægi þess að sveitarfélögin myndu ná sátt og samtöðu um sambærilegan rekstur á Vesturlandi en ef það tækist ekki væri komin upp mjög sérstök staða þar sem sá möguleiki væri fyrir hendi að ekkert fjármagn myndi koma í reksturinn á Vesturlandi.

Vigdís treysti sér ekki til þess að segja til um það en það væri eitthvað sem þyrfti að taka fyrir hjá framkvæmdastjórn VIRK. Að hennar mati væri það hins vegar ekki skynsamleg nálgun að semja við hvert og eitt sveitarfélag um rekstur VIRK. Ef samstarf gengur ekki þá myndi það þarfnast nýrrar skoðunar en eins og staðan er í dag þá er samstarf sveitarfélaganna skynsamlegasta nálgunin.

Bent var á að ferlið að stofnun og starfsemi VIRK hafi verið langt enda um mikla kerfisbreytingu að ræða. Þegar erindi Vigdísar var flutt þá vöknudu spurningar um hvar var það fólk sem nýtir sér þá þjónustu sem VIRK býður uppá áður?. Var þeirri spurningu beint til Vigdísar hvar myndi VIRK staðsetja sig á markaðnum? Hvaða þörf á markaðnum er VIRK ætlað mæta?

Vigdís vísaði í lög VIRK þar sem ætlunin er að þjónusta alla einstaklinga sem kljást við heilsubrest og skerta starfsgetu vegna þess. VIRK hefur til að mynda ekkert komið að vinnustöðum fatlaðra þar sem sú starfsemi er í höndum annarra aðila. VIRK hefur á síðustu misserum verið að skilgreina sig sbr. Vinnumálastofnun sem á að sjá um vinnumiðlun fyrir alla, líka fólk með skerta starfsgetu. Þannig að fólk fer frá VIRK þegar það er komið með eins mikla starfsgetu og mögulegt er og fær þá aðstoð Vinnumálastofnunar til þess að finna sér starf. Það er þeirra lögbundna þjónusta. VIRK hefur snertifleti við mjög marga aðila en við þurfum í sameiningu að finna hvernig við vinnum saman. Eitt skref í þá átt er að VIRK hefur verið að auka samstarf við félagsþjónustuna og reyna grundvöll til þess að starfa saman á. VIRK á svo sannanlega ekki að taka yfir félagsþjónustu sveitarfélaganna, hún á að sjá um sitt en það breytir því ekki að þessir aðilar eiga að geta unnið saman. Aðalatriðið er að vera í samvinnu um hag einstaklinganna.

Signý Jóhannesdóttir formaður og framkvæmastjóri Stéttarfélags Vesturlands sagði félagið hafa tekið tekið þátt í starfsemi VIRK á Vesturlandi. Hún sagði að það hefði verið áhugi síðan á árinu 2008 hjá Símenntunarmiðstöðinni og fleirum að koma á umræddri starfsendurhæfingu á Vesturlandi en það hefur ekki gengið. Vesturland missti í raun af lestinni að komast inn í þessa samninga við Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið. Hugmyndir voru uppi um að gera þetta af einhverskonar deild innan Símenntunarmiðstöðvarinnar en af samskiptum sem hefur verið átt við starfsendurhæfingarráðgjafa sem sinna þessum málum þá hafa þeir haft á orði að það skorti verkfæri þegar það kemur að því að útvega úrræði fyrir þá sem leita sér aðstoðar. Mikilvægt væri að hafa úrræði á fyrir einstaklinga á hverjum stað fyrir sig. Signý lagði áherslu á að verkefnið væri mjög brýnt og mikilvægt væri að finna leiðir til að leysa það.



Þeirri hugmynd var komið á framfæri að áhugavert væri að skoða hvort að hægt væri að byggja upp þessa starfsemi innan Símenntunarmiðstöðvarinnar þ.e.a.s. ef starfsfólk hennar myndi meta að svo væri. Símenntunarmiðstöðin gæti verið vænlegur kostur í ljósi þess þá væri hægt að bjóða einstaklingum úrræði á hverjum stað fyrir sig.

Vigdís benti á að útfærslan væri eitthvað sem sveitarfélögin yrðu að finna út úr en benti hins vegar á annan möguleika sem aðrir hafa gert þ.e. að reka sérstaka einingu sem heldur utanum þessi mál en eru í nánu samstarfi við símenntunaraðila á hverjum stað fyrir sig. Það skipti mjög miklu máli úti á landi að það komi allir að þannig að borðinu komi margir aðilar með fjölpætta þekkingu til að leggja sitt af mörkum. Aðalatriðið er þó alltaf að þjónustan sé til staðar.

Ingibjörg Valdimarsdóttir tók næst til máls og byrjaði á því að þakka Vigdís fyrir sitt erindi og fagnaði aðkomu VIRK að starfsendurhæfingu á Vesturlandi. Viðræður hafa átt sér stað milli Akraneskaupstaðar og VIRK um fjármagn til þess að standa straum af starfsendurhæfingarmiðstöðinni HVER í gegnum samning við VIRK. Ríkið hefur rekið starfsendurhæfingarstöðvar í öllum landshlutum um árabil en Vesturland hefur aldrei notið þeirrar þjónustu áður af hálfu ríkisins þó svo að leitað hafi verið eftir því. Starfsemi endurhæfingarhússins HVER hófst árið 2008 en þá var um tilraunaverkefni að ræða til þriggja ára. Upprunalega starfsemi HVER var að starfrækja athvarf fyrir fólk sem býr við skerta færni á ýmsum sviðum og oft við félagslega einangrun og hefur misst hlutverk á lífsaðstæðum sínum. Fljótlega fóru þó einstaklingar sem voru á endurhæfingarlífeyri að sækja þjónustu hjá HVER, bæði til þess að fá aðstoð til þess að setja upp endurhæfingaráætlanir, aðstöðu til þess að fylgja þeim og síðan til þess að fá staðfestingu á að þeir væru virkir í sinni endurhæfingu. Nú sækja um 20 einstaklinga þjónustu hjá HVER sem -falla undir starfsendurhæfingu. Í viðræðum við VIRK hefur komið fram að í öllum tilvikum hefur verið gerður samningur við sjálfseignarstofnanir og að þjónusta þeirra nái yfir tiltekið svæði. Það virðist því vera eðlilega að fara sömu leið hér á Vesturlandi.

Tillagan er sú að miðstöðin verði staðsett á Akranesi en þeir sem eru á endurhæfingarlífeyri annarsstaðar á Vesturlandi geti notið þjónustu í sínu sveitarfélagi og fái aðstoð við gerð endurhæfingaráætlunar og eftirfylgni í nánu samstarfi við ráðgjafa VIRK. Sambærilegt fyrirkomulag er um allt land fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Akraneskaupstaður mun gera þá tillögu að Endurhæfingarhúsið HVER verði sjálfseignastofnun, öllum sveitarfélögum, verkalýðsfélögum, Símenntunarmiðstöðinni og Heilbrigðisstofnun Vesturlands verði boðið að gera stofnaðilar. Endurhæfingarhúsið HVER mun sinna fólki sem nýtur starfsendurhæfingarstyrk í samræmi við ráðgjafa VIRK og horft verður til skipulags þjónustunnar í takt við það sem gerist á Norðurlandi og Vestfjörðum. Enginn kostnaður mun falla á sveitarfélögin vegna þessa enda er endurhæfing ekki í verkahring sveitarfélaganna. Þó þarf að gera ráð fyrir framlagi vegna stofnframlags sem samkvæmt lögum þarf að vera 1 mkr.. Þessi þjónusta nýttist öllum með því að byggja hana upp miðlægt, þannig að allir á Vesturlandi geti nýtt sér hana. Vildi Ingibjörg hvetja sveitarfélögin á Vesturlandi að taka þátt í þessu verkefni og gerast stofnaðilar að Endurhæfingarhúsinu HVER. Þannig að íbúar á Vesturlandi geta nýtt sér þessa þjónustu sem best. Bréf þess efnis mun koma frá fjölskyldusviði Akranesbæjar og eru sveitarstjórnarmenn hvattir til þess að skoða þetta mál vel.

Ingibjörg var spurð að því hvaða áhrif tillögur hennar myndu hafa á þá þjónustu sem önnur sveitarfélög á Vesturlandi hafa verið að veita.

**Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

## ÍBÚAKÖNNUN

**Vífill Karlsson, hagfræðingur.**

**Sjá sérstakt skjal með glærum.**



---

## Fundarstjóri þakkaði Vífli Karlssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

---

### *Fyrirspurnir og umræður*

---

Í ljósi þess að 1000 svör bárust úr íbúakönnuninni var spyrnt hvert svarhlutfallið hefði verið.

Vífill svaraði því til að svörun hafi verið um 50%. Ætlunin er að senda til fleiri þátttakenda í næstu könnun. Það væri mjög áhugavert að geta skilað greiningu fyrir hvert sveitarfélag, þó svo að það sé ekki hægt fyrir þau allra minnstu.

Fyrirspurn barst vegna menningarmála og var þar vísað í einkunn Borgarbyggðar í tengslum við úttektar sem Capacent gerði á síðasta ári. Í þeirri úttekt kom menningarsamningur Vesturlands ágætlega út og sést þar hvar gera má betur. Í þessari umræddu könnun kæmu hins vegar menningarmálin betur út og ljóst að niðurstöður kannananna myndi ekki bera saman. Var Vífill spurður um ástæðu þess og hver kostnaðurinn væri við svona könnun.

Vífill sagðist ekki hafa séð könnun Capacent en samkvæmt þeim heimildum sem hann hafði þá væri í Capacent könnuninni meira verið að spyrja um menningu á vegum sveitarfélagsins en í íbúakönnun SSV er meira spurt um menningu í sveitarfélaginu óháð því hver veitir hana. Kostnaður við sambærilega könnun, þ.e. áður en farið var útí rafræna könnun, var á bilinu 1,5-2 mkr. en með því fyrirkomulagi sem nú var gert liggur kostnaðurinn í kringum 500 þús.kr.

Rifjuð var upp athugasemd sem gerð var á sínum tíma aftur að nýbúið var að setja fjármagn í könnun á vegum Capacent þar sem borin eru saman fjölmörg sveitarfélög um allt land. Sú hætta væri til staðar að það væri verið að setja fjármagn í tvær kannanir sem myndu mæla sömu hlutina, því vær nauðsynlegt að hvetja til umræðu um þessi mál. Væri til dæmis möguleiki á að nota Capacent könnunina og fá svo SSV til þess að greina enn frekar það sem kemur út úr henni, þannig að það sé örugglega ekki verið að tvítaka sömu spurningarnar.

Vífill sagði að sú spurning hefði komið upp hvort að SSV ætti að hætta með þessa spurningakönnun þar sem að Capacent er að framkvæma þessar kannanir. Vandinn er hins vegar sá að könnun Capacent nær eingöngu tveggja sveitarfélaga á Vesturlandi. Það væri eðlilegt að sveitarfélögin myndu vilja hafa aðgang að Capacent könnuninni til þess að geta borið sig við sveitarfélög af sambærilegri stærð. SSV er hins vegar að spyrja um fleiri þætti. Til dæmis á grundvelli nýju íbúakönnunarinnar er djúp greining á vinnumarkaði Vesturlands og síðan er farið í djúpa greiningu búferlatilhneigingu á Vesturlandi. Þar eru raktir hvaða þættir það eru sem menn eru óánægðir með og valda því að fólk fari.

Spurningin ætti hins vegar rétt á sér og nauðsynlegt væri að ræða hana hverju sinni, þar sem að óhjákvæmilega fylgdi kostnaður svona könnunum.

## Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

---

*Kaffihlé*

---



---

## LAGABREYTINGAR

---

**Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV**

**Sjá sérstakt skjal.**

**Fundarstjóri þakkaði Hrefnu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

Umræður

Gretar D. Pálsson, bæjarfulltrúi í Stykkishólmi, lagði til breytingar á lögum og fór hann yfir þær. Samþykkt að taka ábendingar Gretars inn í lagabreytingarnar.

Umræður urðu um fjölda stjórnarmanna og áheyrnarfulltrúa, en tillagan gerði ráð fyrir níu stjórnarmönnum og þremur áheyrnarfulltrúum, sem yrðu þá fulltrúar minnstu sveitarfélaganna. Kom fram óánægja með það að fulltrúar minnstu sveitarfélaganna eigi ekki fulla aðkomu að borði stjórnar. Kristinn Jónasson þáð ekki lýðræðislega stefnu að útiloka minnstu sveitarfélögin frá fullgildri stjórnarsetu. Einnig kom fram að tillögur stjórnar væru því ekki í samræmi við tillögur starfshóps bæjarstjóranna sem skilaði af sér tillögum um skipulag SSV á framhaldsaðalfundi í nóvember sl. og ekki í samræmi við umsagnir sveitarfélaganna um tillögur starfshópsins. Stjórn hefði ekki gert grein fyrir afstöðu sinnar til starfshóps eða hópurinn kallaður til að nýju eins og heimild var til.

Gert var fundarhlé.

**Fundarstjóri gaf Gunnari Sigurðssyni, formanni SSV orðið.**

Formaður SSV flutti tillögu þess efnis að dagskrárliðnum „lagabreytingar“ verði frestað til haustþings SSV sem haldið verður 19. september 2014.

**Tillaga samþykkt.**

Einnig lagt til að fjárhagsáætlun 2015 verði fresta til framhaldsaðalfundar.

Tillaga samþykkt.

---

*Önnur mál.*

---

Kristinn Jónasson óskaði eftir því að fá orðið. Hann vakti athygli á því hversu margir fullorðnir sveitarstjórnarmenn, sem hafa verið lengi í forsvari fyrir sveitarstjórnir á Vesturlandi, eru nú að láta að störfum. Hann lagði það til að þeim yrði boðið til haustþings SSV. Var því vel tekið með lófaklappi fundarmanna.

**Fundarslit.**

**Gunnar þakkaði fundarstjórum fyrir góða fundarstjórn og Borgarbyggð fyrir góðar móttökur í Reykholti. Fundarmönnum, nefndarmönnum og starfsfólki SSV fyrir sitt góða framlag.**

---

*Fundi frestað til 19. september 2014*

---